

## REGLUR um lausafjárhlutfall.

### 1. gr.

#### *Gildissvið.*

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða, annarra stofnana og félaga sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar og annarra lána- stofnana sem starfa samkvæmt lögum, og ber að uppfylla gildandi reglur Seðlabanka Íslands um bindiskyldu, nú reglur nr. 373/2008; hér eftir nefndar einu nafni lánastofnanir.

### 2. gr.

#### *Mat á lausu fé.*

Lánastofnanir, sbr. 1. gr., skulu kappkosta að eiga nægt laust fé til að mæta greiðsluskuldbind- ingum sínum. Laust fé skal flokkað eftir neðangreindum fjórum tímabilum:

1. Laust innan eins mánaðar.
2. Laust eftir einn mánuð til allt að þriggja mánaða.
3. Laust eftir þrjá mánuði til allt að sex mánaða.
4. Laust eftir sex mánuði til allt að tólf mánaða.

Lausafjárhlutfall eins og það er skilgreint í reglum þessum skal reiknað mánaðarlega á grund- velli upplýsinga í lok hvers mánaðar skv. sérstakri skýrslu til Seðlabankans.

### 3. gr.

#### *Lágmark lausafjárhlutfalla.*

Með lausafjárhlutfalli er átt við hlutfall lausafjárfkrafa og lausafjárskuldbindinga sbr. 5. og 6. gr. þessara reglna. Lausafjárhlutföll lánastofnana skulu eigi vera lægri en 1 fyrir hvorn liðanna 1. og 2. tl. 1. mgr. 2. gr. Sé lausafjárhlutfallið skv. 1. tl. hærra en 1 skal heimilt að yfirfæra þá fjárhæð sem umfram stendur yfir á 2. tl.

Lánastofnanir skulu einnig gera grein fyrir lausafjárhlutföllum fyrir önnur tímabil, þ.e. skv. 3. og 4. tl. 1. mgr. 2. gr.

### 4. gr.

#### *Viðurlög.*

Nái lausafjárhlutföll lánastofnunar ekki því lágmarki sem sett er í 1. mgr. 3. gr. skal reikna dagsektir á þær fjárhæðir sem á vantar skv. gildandi reglum um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú reglur nr. 389/2002. Um ákvörðun dagsekta, kærueimild og innheimtu gilda eftir því sem við geta átt ákvæði 6., 7. og 8. gr. framangreindra reglna.

Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikning viðkomandi lána- stofnunar hjá bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila sbr. 3. mgr. 6. gr. nefndra reglna í 1. mgr. hér að framan. Lánastofnun, sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda lánastofnun, heimilar Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög vegna viðkom- andi stofnunar á reikning sinn í bankanum.

### 5. gr.

#### *Skilgreining á lausafjárkröfum.*

Eftirtaldar kröfur í eigu lánastofnunar skulu teljast til lausafjárfkrafa og falla undir 1. tl. 1. mgr. 2. gr.:

1. Sjóður í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
2. Óbundnar innstæður í seðlabönkum, þar með talin innstæða á reikningi vegna bindiskyldu. Aðalviðskiptareikningur fjármálafyrirtækis hjá öðru fjármálafyrirtæki, þar með talin inn- stæða bindiskylds fjármálafyrirtækis hjá öðru bindiskyldu fjármálafyrirtæki vegna milli- göngu um bindiskyldu skv. gildandi reglum um bindiskyldu, nú 8. gr. reglna nr. 373/2008.
3. Veðlán og/eða endurhverf verðbréfi viðskipti lánastofnunar við Seðlabankann.

4. 5% af samningsbundnum veltílánnum til lánastofnana vegna afurða- og rekstrarlána.
  5. Eigin reikningar (nostro) í lánastofnunum.
  6. 5% af yfirdráttarlánnum og afurðalánnum.
  7. 15% af öllum vanskilum sem eru eldri en þrjátíu daga, þ.m.t. greiddar óinnleystar ábyrgðir.
  8. 90% af markaðsverðmæti innlendra ríkisvixla, annarra endurseljanlegra bréfa í Seðlabankanum og erlendra ríkisvixla.
  9. 80% af markaðsverðmæti vixla lánastofnana með viðskiptavakt, sem skráðir eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, skráðra erlendra markaðsskuldabréfa, skráðra erlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.
  10. 50% af markaðsverðmæti skráðra vixla- og skuldabréfaflokka með viðskiptavakt, sem eru ekki hæfir til að tryggja veðlán og/eða í endurhverfum verðbréfavíðskiptum við Seðlabankann, og hlutabréfa í úrvalsvisitölu OMX Iceland.
  11. 25% af markaðsverðmæti annarra skráðra innlendra hlutabréfa.
  12. 10% af markaðsverðmæti annarra skráðra skuldabréfa án viðskiptavaktar.
  13. 80% af ónýttum hluta samningsbundinna veltílána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í ISK.
  14. Kröfur vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltílána hjá innlendum og erlendum lánastofnunum í erlendum gjaldmiðli.
  15. 10% af ónýttum lánsheimildum (lánalínum) í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
- Aðrar eftirtaldar kröfur skulu flokkast undir hlutaðeigandi tölulið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra:
1. Innstæðubréf Seðlabanka Íslands.
  2. 90% af endurgreiðslum vegna krafna á innlendar lánastofnanir að undanskildum eigin reikningum (nostro).
  3. Endurgreiðslur vegna krafna á erlendar lánastofnanir bæði í innlendum og erlendum gjaldmiðli að undanskildum eigin reikningum (nostro).
  4. 80% af endurgreiðslum vegna krafna á aðra aðila en lánastofnanir að frátöldum kröfum í vanskilum, yfirdráttar- og afurðalánnum.
  5. 90% af kröfum vegna veðlána og/eða endurhverfra verðbréfavíðskipta þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn. Þetta hlutfall skal þó vera 100% vegna milligöngu eins fjármála-fyrirtækis fyrir hóp annarra fjármálafyrirtækja.
  6. 90% af jákvæðu markaðsvirði (óinnleystum hagnaði) afleiðusamninga, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
  7. 80% af kröfum vegna sölutrygginga.

## 6. gr.

*Skilgreining á lausafjárskuldbindingum.*

Eftirtaldar skuldbindingar lánastofnunar skulu teljast til lausafjárskuldbindinga og falla undir 1. töl. 1. mgr. 2. gr.:

1. Gjaldkræfar skuldir við seðlabanka, þar með talin útreiknuð bindiskyldukvöð skv. reglum Seðlabanka Íslands um bindiskyldu og uppgjörskvöð vegna greiðslukerfa.
2. Veðlán og/eða endurhverf verðbréfavíðskipti lánastofnunar við Seðlabankann.
3. 5% af lánasamningum við lánastofnanir vegna afurða- og rekstrarlána.
4. 5% af bundnum innlánnum í krónum, önnur en innlán lánastofnana og/eða lánastofnana sem fengið hafa heimild til greiðslustöðvunar og/eða lánastofnana sem fengið hafa heimild til að leita nauðasamnings og/eða lánastofnana í slitameðferð og/eða hvers kyns lögaðila sem leiða má frá slíkum lánastofnunum, þar á meðal en þó ekki eingöngu dótturfélög, yfirtökufélög eða samrunafélög; og 10% af öðrum innlánnum.
5. 80% af skuldbindingum vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltílána til innlendra og erlendra lánastofnana í ISK.
6. 100% af skuldbindingum vegna ónýtttra hluta samningsbundinna veltílána til innlendra og erlendra lánastofnana í erlendum gjaldmiðli.

7. 25% af skuldbindingum vegna ónýtt hluta veltilána til annarra en lánastofnana í innlendum og erlendum gjaldmiðli.
8. 10% af ábyrgðum.
9. 5% af innlendum kreditkortaheimildum.
10. 0,5% af erlendum kreditkortaheimildum.

Aðrar eftirtaldar skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi tölulið 1. mgr. 2. gr. miðað við eftirstandandi binditíma þeirra:

1. Endurgreiðslur af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir, þ.m.t. vegna innlána lánastofnana sem fengið hafa heimild til greiðslustöðvunar og/eða lánastofnana sem fengið hafa heimild til að leita nauðasamnings og/eða lánastofnana í slitameðferð og/eða hvers kyns lögaðila sem leiða má frá slíkum lánastofnunum, þar á meðal en þó ekki eingöngu dótturfélög, yfirtökufélög eða samrunafélög.
2. Endurgreiðslur af verðbréfaútgáfu á markaði.
3. Endurgreiðslur af annarri lántöku.
4. 100% af skuldbindingum vegna veðlána og/eða endurhverfra verðbréfiðskipta þar sem mótaðili er annar en Seðlabankinn.
5. 100% af neikvæðu markaðsvirði (óinnleystu tapi) afleiðusamninga, þ.m.t. framvirkir samningar, skiptasamningar og valréttarsamningar.
6. 25% af andvirði skuldbindinga vegna sölutrygginga.
7. 80% af skuldbindingum vegna samþykktra lánsloforða.
8. Greiðslur vegna samþykks arðs.

#### 7. gr.

##### *Frekari upplýsingar vegna afleiðuviðskipta og erlendra dótturfélaga.*

Eftirtaldar kröfur og skuldbindingar skulu flokkast undir hlutaðeigandi tölulið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra og hvort um er að ræða erlendan eða innlendan gjaldmiðil:

1. Höfuðstóll framvirkra samninga.
2. Greiðsluflæði skiptasamninga.
3. Höfuðstóll valréttarsamninga.

Ofangreindir töluliðir eru ekki teknir með í útreikningi á lausafjárhlutfalli.

Kröfur og skuldbindingar við erlend dótturfélög ásamt öðrum liðum skulu flokkast undir hlutaðeigandi tölulið 1. mgr. 2. gr. eftir eftirstandandi binditíma þeirra.

#### 8. gr.

##### *Skýrsluskil.*

Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans innan 15 daga frá lokum hvers mánaðar og er bankanum heimilt að beita dagsektum við vanrækslu á skýrsluskilum á grundvelli gildandi reglna um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nú reglur nr. 389/2002. Um ákvörðun dagsekta, kærheimild og innheimtu gilda ákvæði 6., 7. og 8. gr. greindra reglna eftir því sem við getur átt og um skuldun dagsekta á hlutaðeigandi aðila gildir 2. mgr. 4. gr. hér að framan eftir því sem við getur átt.

Innri endurskoðandi lánastofnunar, þar sem honum er til að dreifa, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

#### 9. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, taka gildi 1. október 2012. Frá sama tíma falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall nr. 317 frá 25. apríl 2006.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Til aðlögunar að reglum þessum getur Seðlabanki Íslands veitt lánastofnunum sérstakar tíma- bundnar undanþágur frá 1. tl. 2. mgr. 6. gr. reglnanna, sbr. einnig 4. tl. 1. mgr. 6. gr., að því er varðar binditíma endurgreiðslna af skuldum, öðrum en vegna afurða- og rekstrarlána, við innlendar og erlendar lánastofnanir, þ.m.t. vegna innlána lánastofnana sem fengið hafa heimild til greiðslu- stöðvunar og/eða lánastofnana sem fengið hafa heimild til að leita nauðasamnings og/eða lána- stofnana í slitameðferð og/eða hvers kyns lögaðila sem leiða má frá slíkum lánastofnunum, þar á meðal en þó ekki eingöngu dótturfélög, yfirtökufélög eða samrunafélög, sbr. nánar 1. mgr. 2. gr. reglna þessara.

Lánastofnun skal leggja til grundvallar umsókn sinni tímasetta áætlun um hvernig hún hyggst ná bindingu lausafjár, vegna endurgreiðslna af skuldum samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis þessa, sem uppfyllir öll skilyrði reglna þessara.

Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi þann 1. janúar 2013 sem og allar undanþágur sem veittar hafa verið samkvæmt því.

Reykjavík, 27. september 2012.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Sigríður Benediktsdóttir**  
framkvæmdastjóri.